


JARDVEGSSKIFTI UNDIR SÓKKLUM:

Sé jardvegur talinn of laus til að steypa megi á honum sókklana, skal grafa allt slíkt efni burt niður á fastara jardlag. Uppgróftur skal að minnsta kosti ná jafnlangt út fyrir sókkla og dýpt uppgraftar undir sókklum er.

Fylla skal síðan í grunninn med viðurkenndu fyllingarefni, hrauni, sjávarmöl eða leir- og moldarfírríri grús og skal þjappa fyllinguna í lögum með vibrationsþjóppu. Skal þjóppunin ná a.m.k. sómu gædum og fæst með 5 umferðum 1 to. vibrationsvaltara þegar grús er fyllt í 60cm lögum. Þegar grús er notuð í fyllinguna skal væta hafa rækilega jafnhliða þjóppuninni.

Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa og teiknistofu s. 84599, varðandi fyllingarefni sem notað er og tiltaek tæki til þjóppunar.



BREIDD SÓKKLA:

Sókklar steyptr á klöpp eða móhellu, B=20cm

Sókklar steyptr á þjappað sand- eða malarlag, B=25cm.

SKÝRINGAR:

UPPGRÓFTUR:

Fjarlaegja skal allan lífrænan jardveg úr grunninum svo sem mold og mó, Grafa skal fyrir sókklum niður á nægilega traustan jardveg. Byggingarfulltrúi staðarins taki út grunnstæði hússins.

ÁLAG Á SÓKKLA:

Álag á sókkla undir einingahúsum, án kjallara er $1,7 \text{ t/m}$ eða $8,5 \text{ t/m}^2$ við $0,2\text{m}$ breiða sókkla og $6,8 \text{ t/m}^2$ við $0,25\text{m}$ breiða sókkla.

UPPSLÁTTUR SÓKKLA:

Uppsláttur sókkla sé rækilega afstífadur og skal vera nákvæmlega í rétti hæð, og rétti línu. Sérstaklega þarf að vanda uppslátt sókkla.

DÝPT SÓKKLA:

Nedri brún sókkla sé a.m.k. 120cm fyrir neðan jardvegsyfirbord, nema klöpp sé ofar, þá er lágmarkshæð sókkla 40cm.

JÁRNALÓGN SÓKKLA:

Járn Ks 40 merkt K. Setja skal 2 K12 efst og neðst sbr. þversnið. Járnin séu heil um horn eða víxllögð um minnst 60cm.

STEYPA SÓKKLA:

Öll steypa S 200 með sigmáli 9cm og lofti 4%

EINANGRUN SÓKKLA:

Sókkla skal einangra með 2" frauðplasti, sem líma skal á sókkulveggi. Einangrunin skal ná a.m.k. 50cm niður á sókkulveggina og undir alla gólfplötuna.

FYLLING Í SÓKKLA:

Eftir að sókklar hafa verið steyptr, skal fylla upp undir gólfplótu með viðurkenndu fyllingarefni, sem þjappa skal í 30cm lögum. Serstaka áherslu skal leggja á að þjappa plótumidjur svo engin hætta sé á að fyllingin sígi undir plótunni. Sé hraun notað skal holufylla yfirbordið með sandi.

Ekki skal grafa fyrir frárennslislógnum fyrr en fyllingin hefur verið þjóppuð.

ÚRTÖK FYRIR LAGNIR:

Sjá lagnateikningar.



MÁI 83	RVÍK 1.11.82	HÚSASMIÐJAN	SÚÐAVOGI 3-5, RVÍK, SÍMI 84599 FÍFHVAMMI KÓPAV. SÍMI 43521	GERD. NR.
REIKN. TEIKN. SS SGS YFIRF.	ALFABERG 18 HAFNARFIRðI			VERK NR. S 741
MÆLIKV.				TEIKN NR.
1:5	SKÝRINGAR VIÐ SÓKKLA-STEINHÚSA			10